

## Náttúrupassi ekki efstur á blaði á Suðurlandi

Suðurland er eitt fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins allt árið um kring og ferðaþjónusta orðin ein meginstoðin í atvinnulífi svæðisins. SASS - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga stóðu nýverið fyrir viðhorfskönnun meðal Sunnlendinga um gjaldtöku í ferðaþjónustu. Þrátt fyrir gríðarlega umferð ferðamanna um Suðurland er áhyggjuefni hversu lítið fjármagn verður eftir í landshlutanum til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða. Markmiðið með könnuninni var að leiða fram skoðanir Sunnlendinga til að tryggja að tekið verði tillit til sjónarmiða þeirra við ákvörðun um fyrirkomulag gjaldtökunnar í framtíðinni.

Góð þátttaka var í könnuninni en alls tóku 837 manns þátt. Það var mjög góð þátttaka meðal ferðaþjónustuaðila og svoruðu 333 manns úr greininni könnuninni. Gjaldtaka virðist ekki eingöngu brenna á þeim sem starfa í ferðaþjónustu heldur einnig hinum almenna íbúa.

82,4% þeirra sem tóku þátt eru hlyntir gjaldtöku í ferðaþjónustu. Náttúrupassi var ekki efstur á lista heldur kusu flestir brottfarar- eða komugjald eða 28,3%.



21,5% vildu aðgangseyri á einstaka staði, en þar á eftir kom blanda af náttúrupassa og gjaldtöku á einstaka staði 19,5%. Það kom einnig fram að náttúrupassahugtakið er óljóst og það er þörf fyrir frekari útlístan á því hvað menn hafa í huga varðandi náttúrupassa.

Í svörum var nefnt sérstaklega að Íslendingar ættu ekki að þurfa að greiða fyrir aðgang að íslenskri náttúru. Einnig að skattleggja ætti afþreyingarfyrirtæki, svo sem fyrirtæki með gönguferðir, bátsferðir, skoðunarferðir o.fl., sem í dag greiða engan virðisaukaskatt. Meirihluti svarenda trúði því að fjármagnið myndi skila sér til uppbyggingar ferðamannastaða, en engu að síður höfðu margir áhyggjur af framkvæmd og úthlutun eins og kom fram í svörum þeirra.

Það skiptir verulega miklu máli að afrakstur gjaldtökunnar muni skila sér í auknum fjármunum til uppbyggingar, viðhalds og verndunar á ferðamannastöðum. Það er áhyggjuefni að ekki virðist vera til langtímaáætlun um uppbyggingu ferðamannastaða á Íslandi. Mikilvægt er að vinna stefnumótun um þetta á landsvísu, gera framkvæmdaráætlun og koma útdeilingu fjármuna í öruggan farveg.

Tengiliðir hjá SASS:

Gunnar Þorgeirsson, formaður stjórnar SASS

Fanneý Björg Sveinsdóttir, verkefnisstjóri SASS